

Umsögn um mál 66, 150. löggjafarþing, þingskjal 66 –
Sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn)

Reykjavík, 28. nóvember 2019

Frumvarpið sem hér um ræðir er leggjð til tvennar breytingar á 11 gr. sveitastjórnarlaga. Sú veigameiri er að 1. mgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Í sveitarstjórn skal fjöldi fulltrúa standa á oddatölu. Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn skal ákveðinn í samþykkt skv. 9. gr. Skulu aðalmenn aldrei vera færri en fimm. Þar sem íbúar sveitarfélags eru færri en 2.000 skulu aðalmenn ekki vera fleiri en sjö.

Þetta þýðir að „sveitarstjórnnum í sjálfsveld sett að ákveða fjölda aðalmanna í sveitarstjórn í samþykktum sínum innan þeirra einu marka að fulltrúarnir verði aldrei færri en fimm og ekki fleiri en sjö þar sem íbúar sveitarfélags eru færri en 2.000“ eins og segir í greinargerð frumvarpsins.

Alda telur eðlilegt að lög kveði á um að lágmarksfjöldi aðalmanna í sveitarstjórnnum en óþarft sé að kveða á um hámarksfjölda, í fjölmönnum sem fámönnum sveitarfélögum. Alda leggst því eindregið gegn því að takmarka fjölda aðalmanna í sveitarstjórnnum sveitarfélaga með færri en 2.000 íbúa við sjö. Eðlilegast er að sveitarfélög hafi rétt til að fjölga fulltrúum umfram sjö kjósi þau að gera það og er erfitt að sjá góð rök fyrir því að ríkisvaldið takmarki sjálfsákvörðunarrétt þeirra í þeim efnum.

Alda getur tekið undir sumt af því sem sagt er í greinargerð með frumvarpinu eins og að „mikilvægt er að standa vörð um sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaga og tryggja að sú lýðræðislega hugsun sem býr að baki sveitarstjórnarstiginu og reglum um kosningar til sveitarstjórnar, að sveitarstjórnarfulltrúar séu fulltrúar íbúa sveitarfélagsins, endurspegli á virkan hátt vilja íbúanna.“ Og í því ljósi er eðlilegt að sveitarstjórnir og íbúar sveitarfélaga geti sjálf ákveðið að fjölga sveitarstjórnarfulltrúum umfram lögbundið lágmark eftir því sem vilji þeirra stendur til.

Sveitarfélögin eru í reynd vaggja lýðræðisins og þátttöku þar sem fjallað er um mikilvæg málefni nærsamfélagsins eins og lýðræðislegar áherslur sveitarstjórnarlaga endurspeгла. Þau rök sem stundum heyrast að takmarka eigi fjölda fulltrúa vegna launakostnaðar eru veik, því þegar öllu er á botninn hvolft eru sveitarfélögin sjálf eru fullfær um að meta það eftir aðstæðum og áherslum á hverjum stað og hverjum tíma hvort og hvernig beri að nýta það svigrúm sem kann að vera í rekstri sveitarfélagsins, m.a. til að efla lýðræðið með því að fjölga fulltrúum umfram lögbundinn lágmarksfjölda.

Innan Öldu starfa ýmsir sem hafa reynslu af sveitarstjórnarstörfum í fámennari sveitarfélögum og meðal þess sem þeir félagar hafa bent á er að umfang verkefna sveitarstjórna er alls ekki í réttu hlutfalli við fjölda íbúa. Einnig þekkja þeir sem hafa starfað við sveitarstjórnarstörf að margir þættir á verkefnasviði sveitarfélaga hafa blásið út í umfangi, þar sem auknar kröfur um fagmennsku og flóknara regluverk á mörgum sviðum kalla á meira vinnuframlag frá sveitarstjórnarfólki. Þetta skapar oft mikið álag á fámennar sveitarstjórnir og það getur haft neikvæð áhrif á gæði ákvarðana. En einnig gert það að verkum að oft er erfitt að fá fólk til að gefa sig í þessi störf, enda eru þau ekki vel borguð miðað við þann tíma og það áreiti sem oft fylgir þeim.

Ennfremur er ekki ástæða til að óttast að sveitarstjórnir hunsi vilja mikils meirihluta íbúa með ákvörðun um fjölgun fulltrúa þar sem að samkvæmt 108 gr. sveitarstjórnarlaga geta 20% atkvæðabærra íbúa krafist þess að almenn atkvæðagreiðsla fari fram um slík mál.

Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, getur ekki stutt breytinguna á 11. grein sveitarstjórnarlaga eins og hún er framsett. Félagið er andsnúið því að frumvarpið setji þak á fjölda aðalmanna í sveitarstjórnnum með færri en 2.000 íbúa og telur óþarft og lítt rökstutt í greinargerð frumvarpsins að afnema lágmarksfjölda aðalmanna í sveitarstjórnnum sveitarfélaga með fleiri en 2.000 íbúa. Tillaga Öldu um breytingar á umræddri grein sveitarstjórnarlaga er að sú að greinin kveði aðeins á um lágmarksfjölda, ekki hámarksfjölda aðalmanna í sveitarstjórnnum.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,

Sævar Finnbogason, stjórnarmaður

Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður